

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4535
Fax: 525-4096
Heimasíða: www.ioes.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Áhrif stækkunar álversins í Straumsvík á tekjur Hafnarfjarðarbæjar og atvinnulíf í bænum

C07: 03

Mars 2007

Formáli

Alcan á Íslandi fór þess á leit við Hagfræðistofnun að taka saman helstu tölur og svara ýmsum spurningu um áhrif fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík á tekjur Hafnarfjarðarbæjar og atvinnulíf í bænum.

Að verkinu komu dr. Sveinn Agnarsson, dr. Gunnar Haraldsson og dr. Sigurður Jóhannesson, starfsmenn stofnunarinnar. Haft var samband við fjölda aðila við söfnun gagna- og upplýsinga og eru þeim þökkuð skjót og góð viðbrögð.

f.h. Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

Gunnar Haraldsson

Inngangur

Óskað hefur verið eftir upplýsingum um nokkrar hagrænar stærðir sem varða stækkun álvers Alcan í Straumsvík. Í upphafi er rétt að árétta að erfitt er að gefa skýr svör við öllum þeim spurningum sem bornar eru fram. Hafnarfjörður er einn stærsti kaupstaður landsins og hluti af stærsta atvinnusvæði landsins. Áhrif álvers á tekjur bæjarins og atvinnulíf eru því ekki eins ljós og til dæmis á Reyðarfirði. Mikilvægt er að litið sé á svörin í heild sinni, en varast að slíta einstök atriði úr samhengi.

Svör við helstu spurningum er varða áhrif fyrirhugaðrar stækkunar

- *Hverjar eru tekjur bæjarins fyrir og eftir stækkun með og án skattaumhverfisbreytinga?*

Álverið borgar nú framleiðslugjald til Hafnarfjarðarbæjar, sem nemur 6,5 bandaríkjadöllum á hvert tonn af áli sem framleitt er.¹ Miðað við gengi bandaríkjadollars þann 14.2. 2007 (68 kr/\$) þýðir stækkun úr 180 þúsund tonna ársframleiðslu í 460 þúsund tonn tæplega 125 milljónir króna aukningu í tekjum fyrir Hafnarfjarðarbæ á ári hverju. Nú hefur fyrirtækið óskað eftir því að greiða skatta samkvæmt íslenskum skattareglum. Breyta þarf lögum til þess að það nái fram að ganga, en líklegt er að fallist verði á þá ósk. Breytingin hefði í för með sér að framleiðslugjald félli niður, en í stað þess myndi álverið greiða fasteignaskatt, sem nú er 1,628% af mati húsa og lóða.² Gert er ráð fyrir að fasteignamat nýrra húsa á lóð Alcans verði um 23,1 milljarður króna,³ en mat lóðar verði um 1,8 milljarðar króna.⁴ Þetta þýðir ríflega 400 milljónir í tekjur fyrir Hafnarfjarðarbæ fyrsta árið eftir að lokið er við að stækka álverið, en tekjurnar minnka síðan eftir því sem húsin eru afskrifuð. Þessar greiðslur bætast við fasteignagjöld álversins af núverandi húsum og lóðum, sem nú nema nálægt 250 milljónum

¹ Samtal við Svein Bragason, fjármálastjóra Hafnarfjarðarbæjar, febrúar 2007.

² www.hafnarfjordur.is, http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/nanar_forsidu/?cat_id=3&ew_0_a_id=6495

³ Upplýsingar frá Alcan, febrúar 2007.

⁴ Upplýsingar frá Fasteignamati og Alcan, febrúar 2007, eigin útreikningar.

króna á ári. Alls má því gera ráð fyrir að fasteignagjöld álversins muni nema um 650 milljónum króna. Bærinn lætur ekki í té sérstaka þjónustu á móti þessum tekjum.⁵

Hér væri sagan líklega öll ef um væri að ræða einangraðan stað, þar sem ásókn í atvinnulóðir væri lítil. Hið sama mætti segja ef spurt væri hvort nýta ætti álverslóðina undir atvinnustarfsemi eða ekki, eða ef bæjarfélagið ætti nóg af atvinnulóðum á landi sem ekki væri metið mikils. Öðru máli gegnir hins vegar ef önnur fyrirtæki óska eftir að hefja starfsemi á lóðinni. Að sögn bæjarstjóra er eftirspurn eftir atvinnulóðum nú gríðarmikil í Hafnarfirði. Nýlega hefur verið úthlutað tæplega 100 hekturum af nýjum atvinnulóðum í Hafnarfirði og eru þær að langstærstum hluta innan svonefndra þynningarmarka álversins.⁶ Ásókn í atvinnulóðir í Hafnarfirði hefur því verið mjög mikil. Líklegt er að Alcan selji lóð sína ef ekki verður af stækkun álversins. Lóðin er liðlega 50 hektarar. Skoðun á mati atvinnuhúsa og lóða í grennd við álverið bendir til þess að verðmat almenns atvinnuhúsnaðis á nýju álverslóðinni gæti verið ríflega 9 milljarðar króna, en lóðamat tæplega 2,5 milljarðar. Hér er stuðst við upplýsingar um fasteignamat sumarið 2006 af vef Fasteignamats. Matið er hækkað um 20% í ársbyrjun 2007 vegna almennrar hækkunar á fasteignamati á höfuðborgarsvæðinu. Lítilsháttar leiðréttingar eru gerðar vegna afskrifta af því húsnæði sem ekki er alveg nýtt. Gert er ráð fyrir að 25% svæðisins fari undir götur og annað og nýtist ekki undir atvinnulóðir.

Rétt er að benda á að lóðamat ræðst að miklu leyti af flatarmáli húsa, en einnig er horft á stærð lóða. Alcan nýtur þess að hámark er á stærð lóðar í þeirri reikniformúlu sem Fasteignamatið notar. Fyrsta árið má gera ráð fyrir að fasteignagjöld af stækkun álvers yrðu tæplega 220 milljónum krónum hærra en af öðru iðnaðarhúsnaði, sem hugsanlega yrði byggt á lóðinni. Á hinn bóginn er húsnæði álvers afskrifað mun hraðar en annað atvinnuhúsnaði. Í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar frá 2006 er miðað við að nýjustu kerskálar álversins séu afskrifaðir um 4% á ári. Er það gert með þeim rökum að þeir verði vart notaðir í annað.⁷ Í útreikningum okkar er gert ráð fyrir að nýbygging álversins verði afskrifuð með þessum hraða.⁸ Húsin verða að líkindum afskrifuð niður í um 20% af stofnverði.⁹ Annað atvinnuhúsnaði hér á landi er hins vegar afskrifað mun hægar, oft um tæpt eitt prósent á ári í

⁵ Samtal við Svein Bragason fjármálastjóra Hafnarfjarðarbæjar, febrúar 2007.

⁶ Lúðvík Geirsson (2006): Upplýst umræða er lykilatriði- Um þynningarsvæði og verðmæti atvinnulóða, www.hafnarfjordur.is.

⁷ Úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar í málinu nr. 15/2004, 15. júní 2006.

⁸ Samanber fund með Sigurði Þór Ásgeirssyni, fjármálastjóra Alcan, 6. mars 2007.

⁹ Samtal við Ólaf Theódórsson, Fasteignamati ríkisins, 7. mars 2007.

upphafi, og afskriftum hætt þegar verð er komið niður í 70% af endurbyggingarverði.¹⁰ Miðað er við þennan afskriftahraða í samanburðardæminu. Aðeins hús eru afskrifuð, en lóðir ekki. Með þessu fæst tekjustraumur sem fyrstu árin er mun meiri af álveri en annarri starfsemi, en minni þegar frá líður. Í þessum útreikningum er miðað við 5% raunvexti og að helmingslíkur séu á að starfsemin haldi áfram eftir 25 ár, en útkoman breytist ekki mikið svo lengi sem vextir eru á bilinu 4-7%.

Miðað við ofangreindar forsendur gefur stækkun álversins af sér ríflega 1.200 milljónum meira í fasteignaskatt að núvirði en önnur hugsanleg starfsemi.

Við bætast auknar auknar tekjur af höfninni og auknar útsvarstekjur sem rætt er um í næstu svörum. Þess má auk þess geta að líklegt er að tekjur bæjarins af vatnsgjaldi aukist um nokkrar milljónir við stækkunina.

- *Hver er ábatinn við aukna notkun hafnarinnar í Straumsvík?*

Tekjur Hafnarfjarðarhafnar af höfninni í Straumsvík voru um 47 milljónir króna árið 2006.¹¹ Ef taxtar hafnarinnar breytast ekki frá því sem nú er má ætla að tekjur Straumsvíkurhafnar aukist við stækkun álversins í 120-150 milljónir króna á ári. Í stjórnarfrumvarpi sem var lagt fram skömmu fyrir þinglok er meðal annars rætt um að hafnargjöld séu „samkvæmt almennum íslenskum lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.“¹² Líklegt má telja að við stækkun álversins muni verða notast við almenna gjaldskrá Hafnarfjarðarhafna. Ef almennir taxtar yrðu látnir gilda ásamt algengum afslætti má ætla að tekjur af höfninni gætu numið ríflega 200 milljónum króna á ári. Að mati forsvarsmanna Alcans nægir núverandi höfn fyrir þeirri umferð sem stækkað álver hefði í för með sér.¹³ Hafnaryfirvöld telja hins vegar að bæta þyrfti hafnaraðstöðuna.¹⁴ Höfnin tekur ekki við stærri skipum sem ferja súrál en hingað til hafa komið til landsins. Það þýðir að ekki er hægt að taka á móti stærri skipum vegna aukinnar framleiðslu. Þá er höfnin lokuð um það bil tíunda hvern dag að jafnaði vegna veðurs.¹⁵ Kostnaður vegna slíkra tafa eykst með aukinni umferð um höfnina. Slíkum tögum mætti fækka með byggingu brimgarða. Því er ekki ólíklegt að fram komi óskir um

¹⁰ Samtal við Ólaf Theódórsson, Fasteignamati ríkisins, 7. mars 2007.

¹¹ Ína Illugadóttir, skrifstofustjóri Hafnarfjarðarhafnar, samantekt 13. mars 2007.

¹² Frumvarpo til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, þingskjal 1086-688 mál.

¹³ Samtal við Sigurð Þór Ásgeirsson fjármálastjóra Alcans, mars 2007.

¹⁴ Ína Illugadóttir, skrifstofustjóri Hafnarfjarðarhafnar, samantekt 13. mars 2007.

¹⁵ Samtal við Kristín Aadnegard hjá Hafnarfjarðarhöfn, 12. og 13. mars 2007.

hafnarbætur vegna stækkunar álversins og stærri skipum gert mögulegt að athafna sig þar. Áætlanir eru uppi um nýjan viðlegukant og hafnargarð suður af álverinu, en garðurinn myndi skýla Straumsvíkurhöfn fyrir vestanveðri. Slík framkvæmd myndi kosta einhverja milljarða króna, en hún myndi einnig nýtast öðrum en álverinu, því að almennir vöruflutningar myndu fara um höfnina. Aukin umferð um höfnina hefur í för með sér aukna yfirvinnu starfsmanna, útköll og annan kostnað.¹⁶ Laun og annar rekstrarkostnaður en afskriftir var ríflega 40% af tekjum Hafnarfjarðarhafnar samtals árið 2005.¹⁷

Af þessu má draga þá ályktun að tekjuauki Hafnarfjarðarhafnar af aukinni notkun hafnarinnar í Straumsvík gæti hæglega numið á bilinu frá 75-150 milljónunum króna á ári. Þessi fjárhæð mun líklega að hluta til fara í rekstur Straumsvíkurhafnar og endurbætur á höfninni þar, en afgangnum má samkvæmt hafnalögum verja í aðrar endurbætur á Hafnarfjarðarhöfnum og rekstur þeirra.

- *Hver yrði aukning í útsvari vegna nýrra starfsmanna álversins sem búa í Hafnarfirði?*

Út frá búsetu starfsmanna verksmiðjunnar nú virðist mega álykta að launagreiðslur nýrra starfsmanna, sem búa í Hafnarfirði muni verða ríflega 900 milljónir króna á ári strax eftir stækkun.¹⁸ Er þá gert ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi um 350 og 47% nýrra starfsmanna búi í Hafnarfirði (sama hlutfall og meðal þeirra sem nú starfa þar), eða 165. Miðað við að álagningarhlutfall útsvars sé 13,03% eru útsvarstekjur bæjarins tæplega 120 milljónir á ári. Hér verður þó að hafa eftirfarandi þætti í huga:

1. Ólíklegt er að stækkun álvers eða aðrar nýjungar í atvinnumálum Hafnfirðinga hafi nokkur áhrif á atvinnuleysi í bænum þegar til lengdar lætur.¹⁹ Nýir starfsmenn álversins, sem munu búa í Hafnarfirði, verða því annað hvort sóttir út fyrir bæinn eða úr öðrum störfum. Þeim starfsmönnum sem flytja kunna í bæinn eftir stækkun álvers fylgja nýjar skyldur fyrir bæinn. Þeir sem voru í öðrum störfum hafa fengið laun þar og greiða nú þegar útsvör af þeim launum. Ef laun sem greidd eru í Alcan eru hærri en gengur og gerist má færa fyrir því rök að fyrirtækið dragi hálaunamenn í bæinn. Ef kröfur þeirra til þjónustu á vegum bæjarins eru ekki meiri en gengur og gerist má líta á

¹⁶ Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri, samtal, febrúar 2007.

¹⁷ Hagfræðistofnun hefur ekki undir höndum sérgreindan rekstrarreikning fyrir Straumsvíkurhöfn.

¹⁸ Byggt á tölum frá Alcan, tölvuskeyti, febrúar 2007.

¹⁹ Sjá til dæmis: Sjá Milton Friedman, „The Role of Monetary Policy“, *American Economic Review*, 57,1 (mars 1968), bls. 1-17 og Edmund Phelps, „Money-Wage Dynamics and Labor Market Equilibrium“, *Journal of Political Economy*, 76,4 (júli/ágúst 1968), Part 2, bls. 678-711.

útsvar af launamuninum sem tekjuauka fyrir bæinn. Óljóst er þó hvort telja skal útsvör af öllum launamuninum, því að þeir Hafnfirðingar sem hefja störf hjá álverinu kunna að koma úr öðrum hálaunastörfum.

2. Ef landið sem Alcan ætlar til stækkunar verður notað undir annað en álver mun væntanlega einhver fjöldi fólks starfa þar. Erfitt er að fullyrða hvort þeir yrðu fleiri eða færri en starfsmenn Alcan.
3. Framleiðni starfsmanna í álverinu hefur aukist mikið undanfarin ár. Störf á hvert áltonn í verksmiðjunni í Straumsvík drógust saman um nærri 5% á ári frá 1981 til 2007.²⁰ Að hluta til má að líkindum tengja vaxandi framleiðni við stækkun álversins á þessum tíma, en þó ekki alla, eins og sjá má því að starfsmönnum þess hefur fækkað undanfarinn aldarfjórðung, þó að framleiðsla hafi margfaldast. Þess má geta að í breskum álverum tæplega þrefaldaðist álframleiðsla á starfsmann frá 1980 til 2001.²¹

Árið 2006 var meðallaunakostnaður í álverinu í Straumsvík um 520 þúsund krónur á starfsmann á mánuði²² sem samsvarar um 460 þúsundum króna í útgreidd laun.²³ Meðalheildarlaun á höfuðborgarsvæðinu árið 2005, framreiknuð til ársins 2006 með launvísitölu, voru ríflega 300 þúsund krónur á mánuði, en meðallaun í aðalstarfi voru 285 þúsund krónur.²⁴ Ef miðað er við lægri töluna er tekjuauki Hafnarfjarðarbæjar af auknu útsvari vegna stækkunar álversins um 45 milljónir króna á ári fyrst eftir stækkun. Framleiðnitölur benda til þess að starfsmönnum eigi eftir að fækka með tímanum. Ef laun hækka ekki meira í álverinu en annars staðar munu umframtekjur bæjarins af útsvari einnig dragast saman.

- *Hvað eru afleiðd störf af stækkun verksmiðjunnar mörg?*

Gera má ráð fyrir að störfum í bænum fjölgi fyrstu árin um 300-400 að meðtöldum þeim 165 störfum sem Hafnfirðingar vinna í álverinu sjálfu. Störfunum fjölgar síðan í liðlega 500 alls á 5-6 árum, ef gert er ráð fyrir að starfsmönnum álversins fækki um 2% á ári, en síðan má búast við að störfunum fækki í liðlega 400 á 30-40 árum.

²⁰ Upplýsingar á heimasíðu Alcan, eigin útreikningar

²¹ Dahlström o.fl.(2004): Iron, Steel and Aluminium in the UK: Material Flows and their Economic Dimensions, bls 20, sjá: <http://www.psi.org.uk/publications/archivepdfs/environment/economicdimensionsExecSum.pdf>.

²² Alcan, tölvupóstur, febrúar 2007.

²³ Sjá krn.is, samtal við Ásmund Ólason, hagstofu, febrúar 2007.

²⁴ Eigin útreikningar, stuðst við www.hagstofa.is

Hér er stuðst við svonefnt grunnstarfalíkan. Störfum er þá skipt í grunnstörf, sem snúa að framleiðslu sem einkum er seld út fyrir bæinn, og hins vegar þjónustustörf sem aðallega beinast að fólki innan bæjarins (fyrirvara verður reyndar að setja við notkun slíks líkans í Hafnarfirði, þar sem ætla má að þjónustufyrirtæki sinni einnig mörgum utanbæjarmönnum). Stuðlar líkansins eru metnir með því að horfa á tölur um fjölda ársverka í ýmsum atvinnugreinum í kaupstöðum í nágrenni Reykjavíkur á árunum 1980-1995. Gert er ráð fyrir að aðrir starfsmenn álversins en þeir sem eru í Hafnarfirði eigi heima í öðrum grannbæjum Reykjavíkur. En útkomu reiknilíkansins ber að taka með vara því að fátt liggur fyrir um það hve margir myndu starfa á svæðinu sem Alcan hyggst byggja á ef álverið verður ekki stækkað. Ef þar vex upp önnur atvinnustarfsemi kallar hún einnig á afleidd störf.

Önnur aðferð er að horfa á störf sem tengjast álverinu beint eða óbeint. Í nýlegri skýrslu miðar Hagfræðistofnun við að alls tengist 2,43 ársverk hverju starfi í ál- og kísilverksmiðjum (í tölunni 2,43 eru ársverk í verksmiðjunum sjálfum talin með). Talan er reiknuð út frá upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun tók saman um viðskipti atvinnugreina árið 1997. Hér verður að fara varlega í túlkun. Þessi tala segir til um það hvað álframleiðsla dregur mikla starfskrafta í hagkerfinu til sín en lítið um það hvernig fjöldi starfa myndi breytast ef það hyrfi. En samkvæmt þessari tölu myndu um 850 ársverk á landinu öllu tengjast stækkun álversins í upphafi, og eru þá ný störf í álverinu sjálfu talin með.²⁵

- *Hverjar eru tekjur fyrirtækja í Hafnarfirði af viðskiptum við Alcan?*

Um bein áhrif fyrirtækisins á viðskipti í Hafnarfirði fást þær upplýsingar hjá Alcan að við stækkun verksmiðjunnar aukist kaup á innlendum aðföngum verksmiðjunnar úr rúmum 10 milljörðum króna á ári í 25 milljarða, og þar af aukist kaup á aðföngum frá hafnfirskum starfsmönnum og fyrirtækjum úr 2,9 milljörðum króna í 6,2 á ári. Launagreiðslur eru nú 43% af beinum tekjum Hafnfirðinga af álverinu, en gert er ráð fyrir að hlutfallið lækki í um þriðjung eftir stækkun.²⁶ Við þetta bætast síðan afleidd áhrif.

Hér verður að vanda túlkunina. Tölurnar gefa upplýsingar um þá framleiðsluþætti sem álverið krefst, en ekki hvað framleiðsla í Hafnarfirði eða annars staðar eykst mikið við tilkomu þess. Líkast til myndu menn leita annarra verkefna ef álversins nyti ekki við. Túlkunin vandast

²⁵ Hagfræðistofnun (2005): Þjóðhagsleg áhrif álverksmiðju Fjarðaáls á Reyðarfirði, Skýrsla til Alcoa, desember, Skýrsla nr. C05:04.

²⁶ Upplýsingar fengnar frá Alcan.

einnig vegna þess að ekki liggja fyrir tölur um heildarveltu fyrirtækja í Hafnarfirði. Þess má þó geta að tæp 2% starfandi Hafnfirðinga vinna nú í álverinu. Það hlutfall gæti farið í 3-3½% strax eftir stækkun, en við bætist að beinar tekjur hafnfirskra fyrirtækja aukast, eins og fjallað var um hér að framan.

- *Hverjar eru tekjur af orkusölu til álversins í samanburði við heildarorkusölu á landsvísu?*

Tekjur landsmanna af orkusölu til stóriðju árið 2004 voru um sex milljarðar króna eða um fjórðungur af tekjum af orkusölu í landinu.²⁷ Sé litið til gígawattstunda keyptu álver um 80% af þeirri orku sem seld var til stóriðju. Framleiðsla álversins í Straumsvík var um 2/3 af álframleiðslu í landinu, ef gert er ráð fyrir að framleiðslan þar hafi verið 180 þúsund tonn, en framleiðsla Norðuráls 90 þúsund tonn. Miðað við að öll stóriðja greiði sama verð fyrir orkuna voru tekjur af orkusölu til álversins í Straumsvík því 3,2 milljarðar króna árið 2004 eða um 14% af heildartekjum af orkusölu í landinu. Þessar tekjur myndu aukast með stækkun álversins í liðlega 8 milljarða króna á ári að viðbættum verðlagsbreytingum. Þess má geta að álverð hefur hækkað mjög mikið síðan 2004, en orkuverðið tekur mið af verði áls á heimsmarkaði. Má gera ráð fyrir að þessi fjárhæð verði þeim mun hærri ef verðið helst jafngott.

- *Eigum við mengunarkvóta fyrir stækkun Alcan?*

Í erindi á Orkuþingi árið 2006 nefndi Birna Hallsdóttir hjá Umhverfisstofnun nokkur dæmi um mögulega útblástursþróun á komandi árum. Í einu dæminu er gert ráð fyrir að „starfandi álver verði stækkuð sbr. heimildi í starfsleyfi, að álver verði reist á Húsavík og í Helguvík, að Járnblendiverksmiðjan verði ekki stækkuð og að rafskautaverksmiðja verði ekki reist. [Ársframleiðsla verður sem hér segir] Alcan 460.000 tonn, Norðurál 300.000 tonn, Fjarðaál 346.000 tonn, Járnblendifélagið 120.000 tonn, Kapla [rafskautaverksmiðja] 0, Helguvík 250.000 tonn, Húsavík 250.000 tonn.“ Samkvæmt þessari spá losa Íslendinga tæpar 6 milljónir tonna af gróðurhúsalofttegundum á ári um miðjan annan áratug 21. aldar. Ekki er hér litið til útstreymis frá jarðhitavirkjunum, en samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun gæti

²⁷ Upplýsingar á heimasíðu Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is/temp/temp/IDN02300200739421554.xls>.

útreymi frá þeim aukist um 0,7 til 0,8 milljónir tonna á ári í því dæmi sem hér hefur verið lýst.²⁸

Samkvæmt Kyoto-samkomulaginu skal almennur útblástur Íslendinga að vera minni en 3,6 milljónir tonna á ári að meðaltali á árunum 2008 til 2012. Þá er hið svonefnda íslenska ákvæði vegna stórframkvæmda sem gefur færi á 1,6 milljónum tonna í viðbót. Samtals má útblásturinn ekki fara yfir 5,2 milljónir tonna á ári.²⁹ Bent hefur verið á að Íslendingar fari ekki upp fyrir kvótann, því að meðaltalsútbásturinn á árunum 2008 til 2012 fari ekki upp fyrir sett mörk. En samkvæmt dæminu sem nefnt er hér að framan eru horfur á að Íslendingar fari upp fyrir hann á næsta samningstímabili loftslagssamningsins ef þeir verða sér ekki úti um meiri útblástursrétt þá (munurinn nemur allt að 0,8 milljónum tonna af gróðurhúsalofttegundum á ári). Deila má um hvort það er útblástur Alcans eða annarra sem stendur út af.

²⁸ Birna Hallsdóttir (2006): Orka, iðnaður, útreymi, erindi á Orkuþingi, 12. og 13. október.

²⁹ Samtal við Þór Tómasson hjá Umhverfisstofnun, febrúar 2007.

Samantekt helstu niðurstaðna

Eins og gefur að skilja þarf að slá ýmsa varnagla þegar verið er að meta fjárhagsleg áhrif jafn umfangsmikilla framkvæmda og hér um ræðir. Að gefnum þeim forsendum sem tíundaðar eru í skýrslu þessari má taka saman helstu niðurstöður þannig.

- *Líklegt er að fasteignagjöld af stækkun álversins verði í fyrstu um 400 milljónir króna á ári, eða ríflega 200 milljónir króna umfram það sem greitt yrði af öðru iðnaðarhúsnæði á svæðinu. Þetta bætist við fasteignagjöld af húsum og lóðum sem Alcan á nú á svæðinu, en þau nema líklega nálægt 250 milljónum króna á ári. Alls yrðu fasteignagjöld af álveri Alcans þá um 650 milljónir króna á ári. Hafa þer í huga þegar þessar fjárhæðir eru skoðaðar að húsakostur Alcans eru afskrifaðar mun hraðar í fasteignamati en flest annað atvinnuhúsnæði.*
- *Tekjuauki Hafnarfjarðarhafnar af stækkun álversins í Straumsvík gæti hæglega numið á bilinu 75 til 150 milljónum króna á ári. Þessi fjárhæð fer að hluta í rekstur Straumsvíkurhafnar og endurbætur á höfninni þar, en því sem eftir kann að standa má samkvæmt hafnalögum verja í aðrar endurbætur á Hafnarfjarðarhöfnum og rekstur þeirra.*
- *Líklegt er að útsvar nýrra starfsmanna álversins sem búa í Hafnarfirði verði um 120 milljónir króna á ári fyrst eftir stækkun, eða 45 milljónir umfram útsvar af meðallaunum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi tala lækkar eftir því sem starfsmönnum álversins fækkar.*
- *Líklegt er að tengja megi um 850 ársverk á landinu öllu við stækkun álversins í upphaf, að meðtöldum ársverkum í álverinu sjálfu. Þetta þýðir þó ekki að störfum á landinu fækki sem þessu nemur ef álverið verður ekki stækkað.*

- *Samkvæmt upplýsingum frá Alcan má búast við að tekjur hafnfirskra fyrirtækja vaxi um rúmlega 3 milljarða króna á ári ef álverið verður stækkað.*
- *Tekjur af orkusölu til álversins voru um 14% af heildartekjum af orkusölu á landsvísu árið 2004 ef marka má opinberar hagtölur, en þess má geta að álverð sem verð orkunnar er tengt við, hefur hækkað mikið undanfarin ár. Má því gera ráð fyrir að hlutfallið sé hærra um þessar mundir.*
- *Ekki eru líkur á að útblástur landsmanna af gróðurhúsategundum fari fram úr kvóta landsmanna á gildistíma Kyoto-samkomulagsins, ef miðað er við meðalútbلاstur á árunum 2008 til 2012, en líklegt má telja að á árunum sem á eftir koma muni Íslendingar þurfa aukinn kvóta, að því gefnu að allar þær hugmyndir sem nú eru uppi um uppbyggingu stóriðju verði að veruleika.*